

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Friggjarbrunnur 55-57 og Skyggnisbraut 8-12.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 12. september 2014 breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóða nr. 55-57 við Friggjarbrunn og 8-12 við Skyggnisbraut.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Friggjarbrunnur 42-44 og Skyggnisbraut 14-18.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 10. júlí 2014 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 42-44 við Friggjarbrunn og 14-18 við Skyggnisbraut. Í breytingunni felst fjölgun íbúða, hækkun húss við Skyggnisbraut um eina hæð, fjölgun stæða í bílakjallara og fallið er frá ákvæði um verslun og þjónustuhúsnæði á jarðhæð við Skyggnisbraut.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 16. september 2014.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. september 2014